

## Verðtilfærslusjóður SAM 2021

Í samræmi við heimild í 13. grein laga nr. 99/1993 hafa aðildarfélög SAM gert samning sín á milli um verðtilfærslu milli ákveðinna mjólkurafurða. Framkvæmd og fjárreiður verðtilfærslunnar er í höndum SAM.

Í verðtilfærslusjóð SAM eru innheimt gjöld af sýrðum vörum öðrum en jógúrt, rjóma og sérostum. Greitt er úr sjóðnum vegna sölu á nýmjólk, hreinu skyri, smjörva, mögrum ostum (Gouda 17% og Mozzarella), iðnaðarmjólkurdufti, undanrennufti og kálfafóðri.

Eftirfarandi er rekstraryfirlit verðtilfærslusjóðs SAM árin 2021 og 2020:

	2021	%	2020	%
<b>Inngreiðslur:</b>				
Innheimt verðtilfærsla	275.529.300	100,0	280.831.232	100,0
Samtals til ráðstöfunar	275.529.300	100,0	280.831.232	100,0
<b>Útgreiðslur:</b>				
Greidd verðtilfærsla til afurðastöðva	124.923.117	45,3	131.034.499	46,7
Niðurgreiðsla iðnaðardufts	95.132.238	34,5	89.536.293	31,9
Annað	4.132.939	1,5	4.212.469	1,5
Samtals ráðstafað	224.188.294	81,4	224.783.261	80,0
Innheimt umfram útgreiðslur	51.341.006	18,6	56.047.971	20,0
Afgangur færður til næsta árs	175.160.964	63,6	123.819.958	44,1

Velta verðtilfærslusjóðs SAM lækkaði lítillega frá árinu 2020 til 2021. Lækkunin var vegna breytinga í sölu á einstökum vörum, einkum rjóma, fitulitlu viðbiti og mögrum ostum. Árið 2021 voru tekjur sjóðsins 51 milljón króna hærrí en útgjöldin og inneign í sjóðnum í árslok 2021 voru 175,2 milljónir króna.